



Nefndasvið Alþingis

Velferðarnefnd

30. október 2013

Efni: Umsögn v/ frumvarps til laga um breytingar á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir).

Undirrituð hefur farið yfir frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár (aðgangsheimildir), þingskjal 24 og vill koma eftirfarandi athugasemdum til velferðamenfðar:

1. gr.

Almennt um frumvarpið þá er sú breyting til bóta að landlæknir taki endanlegar ákvarðanir á stjórnsýslustigi er varðar leiðréttingu, eyðingu eða aðgang að sjúkraskrá.

2. gr.

a) Út frá hugmyndafræði um sjúklingamiðaða þjónustu, sem við teljum okkur vinna eftir, hefur sjúklingur jafnan aðgang að sjúkraskrá sinni eins og heilbrigðisstarfsmenn sem fara með hans mál. Ef sjúklingur sjálfur biður um aðgang að sjúkraskrá þá á hann að geta fengið þann aðgang. Samkv. frumvarpinu skal umsjónaraðili sjúkraskrár meta hvort það þjóni hagsmunum sjúklingsins að fá afhenta sjúkraskrána eða ekki. Hvaða hagsmunir og er það á okkar valdi að meta hvaða hagsmunir eru sjúklingi mikilvægir? Öðru máli gegnir ef annar en sjúklingur sjálfur sækist eftir aðgangi að sjúkraskrá. Þá er spurning hvort meta eigi „hagsmuni“ sem verða þá að vera skilgreindir. Slíkir hagsmunir hljóta að varða heilsu og líðan. Skilgreiningu á hugtakinu "hagsmunir sjúklings" er ekki að finna í lögnum, frumvarpinu eða greinargerðinni með því.


Hvað varðar seinni hluta greinarinnar er leiðbeinendaskylda umsjónaraðila sjúkraskrá ef neitað er um aðgang sjálfsögð.

3. gr.

Tekinn er af allur vafi að umsjónaraðili sjúkraskrár hefur heimild til að afhenda eða synja nánnum aðstandendum um aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings sem er jákvætt. En hér eins og í 2. gr. er ekki tiltekið hvaða hagsmunir það eru sem geta komið í veg fyrir það.

4. gr. og 5. gr.
Breytingar og viðbætur eru til bóta og ekki hægt að mistúlka .

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, reading "Margrét Tómasdóttir". The script is cursive and fluid, with a long horizontal stroke at the end of the last name.

Margrét Tómasdóttir, MSN, ML
Talsmaður sjúklinga